



Reglur um frístundastyrk Akureyrarbæjar til barna og unglinga í íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsstarfi

Úthlutunarreglur 2025

1. Markmið

Markmið og tilgangur Frístundastyrksins er:

- að styrkja 6-17 ára börn og unglinga í Akureyrarbæ til þáttöku í uppbyggilegu frístundastarfi og auka möguleika til þáttöku óháð efnahag.
- að ýta undir aukna hreyfingu og félagsþáttöku 6-17 ára barna.
- að vinna gegn óæskilegu brottafalli í eldri aldurshópum iðkenda.
- auka virkni í frístundum barna og unglinga.

2. Frístundastyrkur

Frístundastyrkurinn er kr. 55.000.- fyrir einstakling á aldrinum 6 til 17 ára fyrir árið 2025, þ.e. börn fædd 2008-2019. Styrkupphæðin ákvarðast við gerð fjárhagsáætlunar og gildir frá 1. janúar til og með 31. desember ár hvert.

Frístundastyrkurinn er fyrir börn og unglinga með lögheimili á Akureyri (póstnúmer 600, 603, 611 og 630).

Frístundastyrkurinn greiðist í nafni iðkandans til félagsins/fyrirtækisins frá Akureyrarbæ.

Frístundastyrkurinn gildir ekki sem greiðsla fyrir búnað vegna keppni eða þjálfunar.

Frístundastyrkurinn skal ganga upp í kostnað vegna námskeiðs, æfinga og eða aðgangs að uppbyggilegu íþróttá-, æskulýðs- og frístundastarfi sem einskorðast við kennitölu þess barns sem á frístundastyrkinn. Félögum og fyrirtækjum er þannig ekki heimilt að bjóða uppá kaup á t.d. gjafabréfum fyrir frístundastyrkinn.

Foreldrar og forráðamenn geta skoðað stöðu og nýtingu frístundastyrks sinna barna inni á þjónustugátt Akureyrarbæjar.

3. Skilgreining á þáttökurétti félaga og fyrirtækja

Til að taka við frístundastyrk verða félög og fyrirtæki að:

- I. vera með skilgreinda starfsemi sem fellur undir markmið reglna þessara
- II. hafa rekstur undir eigin kennitölu
- III. reka íþróttá-, tómstunda- eða/og æskulýðsstarfsemi sína í a.m.k. 6 mánuði á ári.

Öll íþróttafélög sem tilheyra sérsamböndum og íþróttanefndum íþróttá- og ólympíusambandi Íslands hafa heimilid til að taka við frístundastyrk frá Akureyrarbæ, að því gefnu að viðkomandi félag hafi tengingu við Sportabler kerfið og óski eftir samstarfi við Akureyrarbæ. Fjöldi annarra félaga og fyrirtækja tekur við frístundastyrk Akureyrarbæjar. Upplýsingasíða um félög og fyrirtæki sem taka við frístundastyrk Akureyrarbæjar er að finna á eftirfarandi vefsíðu,

<https://www.akureyri.is/is/mannlif/fristundastarf-punkturinn-og-fleira/fristundastyrkur>



4. Verðlagning

Þau félög/fyrirtæki sem taka við frístundastyrk frá Akureyrarbæ skulu leitast við að stilla verðlagi á æfinga- og þáttökugjöldum í hóf og veita Íþróttabandalagi Akureyrar og eða Íþróttadeild Akureyrarbæjar upplýsingar um gjaldskrár ef eftir því er óskað.

5. Ný félög og fyrirtæki

Nýjir aðilar sem óska eftir að taka við frístundastyrk þurfa að sækja um það til forstöðumanns íþróttamála hjá Akureyrarbæ með nánari upplýsingum um frístundastarf viðkomandi aðila og ósk um að tengjast við kerfi Akureyrarbæjar innan Sportabler skráningarkerfisins.

Tenging við Sportabler-kerfið er skilyrði fyrir því að geta tekið við frístundastyrk.

6. Framkvæmd frístundastyrks

Ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þáttöku- og æfingagjöldum

- Forráðamenn skrá iökendur í Sportabler kerfið í gegnum **heimasíðu viðkomandi félags**.
- Í skráningarferlingu, þar sem er m.a. gengið frá greiðslu námskeiðs geta forráðamenn valið að ráðstafa styrk iökandans hjá viðkomandi félagi/deild/fyrirtæki rafrænt.
- Ekki er hægt að ráðstafa hærri upphæð til félags en námskeiðið kostar. Ef upphæð námskeiðs er hærri en ráðstöfunin er mismunur greiddur til félagsins.
- Þegar forráðamaður staðfestir þáttöku barns fær viðkomandi félagi/deild/fyrirtæki og Akureyrarbær staðfestingu þar um.
- Akureyrarbær greiðir frístundastyrki til viðkomandi íþróttafélag/deild/fyrirtækis í byrjun hvers mánaðar fyrir skráða styrki mánuðinn á unda.
- Í kvittun til þáttakenda um námskeiðskostnað skal félag tilgreina hlut bæjarfélagsins í greiðslu vegna námskeiðsgjaldsins.
- **Ónýttir frístundastyrkir flytjast/geymast ekki milli ára.**

7. Undanþágur og vafaatriði

Forstöðumaður íþróttamála hefur umsjón með frístundastyrk til barna og unglings í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðssstarfi og veitir nánari upplýsingar þar um.

Forstöðumaður íþróttamála getur borið mál varðandi frístundastyrk undir fræðslu- og lýðheilsuráð, sem hefur heimild til að veita undanþágu frá þessum reglum.

Fræðslu- og lýðheilsuráð sker úr um vafaatriði sem upp geta komið.

Brot félaga/fyrirtækja á reglum og skilyrðum fyrir frístundastyrknunum getur leitt til endurskoðunar á leyfi til að taka við frístundastyrk Akureyrarbæjar.

Endurskoðað og samþykkt á fundi íþróttaráðs 24.febrúar 2016

Styrkupphæð og aldurshópur uppfært í janúar 2017

Styrkupphæð og aldurshópur uppfært í janúar 2018

Styrkupphæð og aldurshópur uppfært í janúar 2019

Endurskoðað og samþykkt á fundi frístundaráðs 23.október 2019

Styrkupphæð og aldurshópur uppfært í janúar 2020

Uppfært í janúar 2021

Uppfært í janúar 2022

Styrkupphæð og aldurshópur uppfært í janúar 2023

Styrkupphæð og aldurshópur uppfært í janúar 2024

Styrkupphæð og aldurshópur uppfært í janúar 2025